Arkinn ehf
ráðgjöf og hönnun
Efstasund 94 ■ 104 Reykjavík ■ sími 552 5868 ■ netfang: arkinn@arkinn.is
■ vsk. nr.: 65518 ■ kennitala: 701299 - 3299

Skipulagsráð Kópavogs
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík 16.02.2023

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**Varðar: Umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnsendi – Þing, Gulaþing 25**
**Stærð lóðar 1845 m²**
**Byggingamagn að hámarki 270 m²**
**Nýtingahlutfall 0,146**

Í framhaldi af fyrirspurn sem tekin var fyrir á fundi skipulagsráðs 5. desember 2022 er lögð fram meðfylgjandi deiliskipulagsbreyting.

Um er að ræða breytingu vegna breyttra þarfa lóðarhafa og til að samræma byggingarreit skv. núverandi aðstæðum.

Unnið er út frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 30.08.2019.

Í breytingu felst að stærð og lögun byggingarreits breytist en áfram er gert ráð fyrir íbúðarhúsi á einni til tveim hæðum.

Fallið yrði frá byggingarreit fyrir vinnustofu á suðausturhorni lóðar sem að hámarki hefði getað orðið 34,4 m² miðað við það sem þegar er byggt, og byggingarreit fyrir bílskúr á norðvestur horni breytt í byggingarreit fyrir vinnustofu, 48,2 m².

Einnig felst í breytingu að samræma byggingarreit og þegar byggt hús og fá leyfi til að breyta fyrirhuguðu bílskýli í bílskúr, um 53 m².

Heildar byggingamagn á lóð eftir breytingar að hámarki 270 m² og nýtingarhlutfall 0,146.

*Meðfylgjandi er kynningaruppdráttur vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir „Vatnsendi – Þing“ Gulaþing 25.*

Virðingarfyllst,

**Hallur Kristvinsson**
**Bygg.Ark.**
Byggingafræðingur B.Sc. bfí
InnanhússArkitekt fhi